

EFTIRLITSSKÝRSLA



Háskóli Íslands (Stefán Ragnar) Keldur, tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði

Dags eftirlits	5.4.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	Háskóli Íslands (Stefán Ragnar)	Eftirlitsmaður	
Heimili	Keldur, Keldnavegi 3	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6502694549	Flokkur	Erfðabreyttar lífverur
Fulltrúi fyrirtækis	Stefán Ragnar Jónsson	ÍSAT nr.	85.14.3
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit og engar ábendingar settar fram.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit með leyfi Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum til afmarkaðrar starfsemi með erfðabreyttar örverur í afmörkunarflokki I og II. Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Umfang starfseminnar (gr. 1.2 í leyfi)
2. Varnir gegn mengun ytra umhverfis (kafli 2)
3. Innra eftirlit rekstraraðila (kafli 3)

Síðasta eftirlit fór fram 16. desember 2020 og var frávikalaust. Eftirlit með leyfum fyrir afmarkaðri starfsemi með erfðabreyttar örverur í flokki I og II fer fram reglulega og aldrei sjaldnar en annað hvert ár, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 275/2002 um afmarkaða notkun erfðabreyttra örvera.

Farið var yfir umfang starfseminnar og hvort einhverjar breytingar hefðu orðið eða væru fyrirhugaðar. Rekstraraðili staðfesti að starfsemin væri óbreytt.

Allur úrgangur sem fellur til við framleiðsluna er skráður og fer í gufusæfi fyrir förgun. Aðgangur að byggingunni er takmarkaður og skilti sem vara við hættu af líffræðilegum toga til staðar.

Þjálfun starfsfólks er í föstum skorðum og fá nýir starfsmenn annarsvegar kynningu á starfseminni og hinsvegar sértæka þjálfun varðandi sín verkefni. Hver og einn heldur vinnudagbækur.

Fram kom í eftirlitinu að rekstraraðili hefur hafið umsóknarferli fyrir nýtt leyfi, en núverandi leyfi gildir til til 29. nóvember nk.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 13.05.2022

Sigríður Magnúsdóttir